



**73. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 31. janúar 2023
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnsýslusviði

Dagskrá:

1. 202301003 - Fjármál 2023

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

2. 202104002 - Seyðisfjörður - Ritun og útgáfa á sögu Seyðisfjarðar

Fyrir liggur minnisblað frá atvinnu- og menningarmálastjóra Múlapings varðandi verkefnið Saga Seyðisfjarðar auk fundargerðar undirbúningsnefndar að söguritun Seyðisfjarðar dags. 23.01.2023. Atvinnu- og menningarmálastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir stöðu verkefnisins.

Í vinnslu.

Gestir

Aðalheiður Borgþórsdóttir - 09:10

3. 202209206 - Stjórnsýslukæra varðandi hæfi sveitarstjórnarfulltrúa

Fyrir liggur álit innviðaráðuneytis vegna stjórnsýslu Múlapings, sbr. 2.tl. 2.mgr. 112.gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 ásamt m.a. umsögn sveitarfélagsins við erindi dags. 22.09.2022 varðandi vanhæfi Þrastar Jónssonar.

Samandregið álit ráðuneytisins:

Ekki eru gerðar athugasemdir við ákvörðun sveitarstjórnar og byggðaráðs sveitarfélagsins Múlapings um að venslamaður sveitarstjórnarfulltrúans Þrastar Jónssonar hafi átt sérstakra eða verulegra hagsmuna að gæta umfram aðra vegna mála sem voru til afgreiðslu sveitarstjórnar í tengslum við val á tengileiðum vegna Fjarðarheiðaganga.

Bendir ráðuneytið sveitarfélaginu á að kynna sér þau sjónarmið sem rakin hafa verið í álitinu. Að öðru leyti telur ráðuneytið málinu lokið af sinni hálfu.



Lagt fram til kynningar.

Pröstur Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun:

Innviðaráðuneytið skrifar 13 blaðsíður þar sem slegið er í og úr og án þess að kveða upp úrskurð um hvort ég sé vanhæfur eða ekki. Orðalagið er haft eins loðið og hægt er og ekki er lagt mat á hvort rétt vinnubrögð hafi verið notuð gegn mér í byggðarráði og bæjarstjórn.

Því má segja að hér hafi verið farin löng leið að engri niðurstöðu. Ljóst er að þetta mál fer lengra í íslensku stjórnslu því það er fordæmisgefandi fyrir allar sveitarstjórnir á landinu. Verði málinu haldið opnu þá er búið að framselja meirihlutum í sveitarstjórnnum gríðarlega mikið vald sem ekki stenst sveitarstjórnarlög. Vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga ber að túlka mjög þröngt svo kjörnir fulltrúar komist hjá því að lýsa sig vanhæfa í óþægilegum málum og þegar litið er til fámennari sveitarfélaga úti á landsbyggðinni. Allt þetta mál byggir á valdníðslu meirihlutans því þeim hugnast ekki þau sjónarmið sem ég stend fyrir og var m.a. kosinn út á í síðustu sveitarstjórnarkosningum í leiðarvalinu.

4. **202301211 - Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023**

Fyrir liggur boðun á XXXVIII landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið verður 31. mars 2023. Landsþingsfulltrúar verða boðnir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá þingsins og gögnum.

Lagt fram til kynningar.

5. **202301189 - Almannaþingarnefnd í umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi - fundargerðir 2023**

Fyrir liggur fundargerð Almannaþingarnefndar Austurlands, dags. 23.01.2023.

Lagt fram til kynningar.

6. **202301190 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2023**

Fyrir liggja fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 20.01.2023.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:40

